

VÍSVITANDI ANTIREGLA

Kvenröddin í ljóðum Halldórs Laxness

*Viltu yfir vaka
vinar þíns ljóði
líkt og lítil staka?*¹

Hamingjudraumurinn

Mörg af bestu ljóðum Halldórs Laxness eru ort um konur, til kvenna eða í orðastað þeirra.² „Ég er því miður ónýtur að yrkja um karlmenn,“ segir skáldið Ólafur Kárason í *Heimsljósi* við samfanga sína í karlafangelsinu í Reykjavík sem vilja láta hann yrkja um sig.³ Einnig átti hann erfitt með að yrkja ástakvæði til Jens Færeyings að beiðni Jórunnar í Veghúsum enda hrifinn af henni sjálfur.⁴ Jórunn er í uppreisn gegn samfélaginu, og hún er jafnframt ein af kvenrithöfundunum í verkum Halldórs Laxness. Skáldsaga hennar, „Hamingjudraumurinn“ (II, 38),

1 Halldór Laxness, úr „Stanza antica“, í „Týndum kvæðum“, *Kvæðakver* 1930, bls. 43.

2 Í *Kvæðakveri*, annarri og aukinni útgáfu, 1949, eru alls 65 ljóð. Þar af eru 7 ort í orðastað kvenna, 17 til kvenna, þar sem karlkyns ljóðmælandi ávarpar konu, og 14 um konur. Í flestum þeirra 27 ljóða sem eftir eru koma konur fyrir í myndmáli eða einstökum erindum. Eftir *Kvæðakver* hafa bæst við fleiri kvennaljóð, eins og t.a.m. tiltölulega nýfundid „Maríukvæði“, sennilega frá klausturvistinni 1923–24, sem birtist í *Morgunblaðinu*, blaði B, 16. desember 1995, bls. 2, og „Vöggukvæði“ í *Silfurtúnglinu* (1954), bls. 13–14. Bæði voru þessi ljóð sungin við útför skáldsins frá Dómkirkju Krists konungs, Landakoti, 14. febrúar 1998, það fyrra af Schola cantorum við lag Atla Heimis Sveinssonar og það síðara af Sigrúnu Hjálmtýsdóttur við lag Jóns Nordals.

3 Halldór Laxness, *Fegurð himinsins* (1940). Vitnað er til annarrar útgáfu í *Heimsljós* II (1955). Hér eftir verður vísað til blaðsíðutals heimilda í sviga á eftir tilvitnun í meginmáli þegar ljóst er við hvaða rit er átt.

4 Halldór Laxness, *Hús skáldsins* (1939). Vitnað er til annarrar útgáfu í *Heimsljós* II (1955), bls. 41. Ólíkt öðrum kvæðum Ólafs Kárasonar er ástarkvæðið til Jens Færeyings, sem hann „orti upp aftur og aftur og var ekki ánægður“ (16), bæði hefðbundið og stirðkveðið, fimm vísur í rímnastíl.

fjallar um útópíuna, framtíðarlandið, eða með orðum bókmenntafræðingsins Theodors Adorno „draum um heim sem væri öðruvísi“ og er að hans mati ein meginuppspretta skáldskapar.⁵ Í samtali þeirra Jórunnar og Ólafs um skáldskap segist Jórunn ekki geta ort ljóð af því hún sé ekki hagamælt.⁶ Hún heldur sig við hefð hagamælskunnar á kostnað skáldskaparins og spyr karlskáldið ráða:

Það er eitt sem ég hef altaf tekið svo nærri mér, sagði stúlkan, – ég er nefnilega ekki hagamælt. Mig lángrar svo oft til að yrkja vísu. En hvernig sem ég reyni, þá get ég ekki látið standa í hljóðstafnum, finn ekki heldur rétt orð. Hvað á maður að gera til að finna rétt orð? Til dæmis hef ég verið að reyna að yrkja til karlmanns nú í nokkra daga; ég veit að rétta orðið er á sveimi alt í kríngum mig, en hvernig sem ég fer að get ég þó ekki handsamað það. (II, 39–40)

Ekki heldur hún getur ort til karlmanns. Spurningu hennar um réttu orðin svarar skáldið með því að hana vanti réttar tilfinningar. „Hafi maður rétta tilfinningu kemur rétt orð.“ (II, 40)⁷ Í verkum Halldórs Laxness er mikið um bruna skáldverka og Jórunn brennir „Hamíngjudraumnum“ í aðdáun sinni á Ólafi. „Þú ert svo mikið skáld,“ segir hún, „að ég er fegin ég skuli vera búin að brenna Hamíngjudraumnum mínum.“ (II, 77) Úr ösku hamíngjudraumsins rís hins vegar hið fræga ljóð Halldórs, „Maístjarnan“, sem Ólafur yrkir til Jórunnar og nefnir „Ímynd frelsisins“ (II, 133).⁸ Það verður til milli svefnis og vöku, úr endurminningu um hana undir rauðum fána á baráttufundi fyrr um daginn og „dansandi“ fótataki hennar sem Ólafi finnst hann heyra fyrir utan. Og „við tónlist sem líður

5 Theodor Adorno, „Rede über Lyrik und Gesellschaft,“ *Noten zur Literatur*, bls. 78. Sjá einnig grein Helgu Kress „Manns barn á myrkri heiði. Um samband listar og þjóðfélags í kvæði eftir Snorra Hjartarson,“ bls. 144–145.

6 Samtal þeirra minnir á samtal frændsystkinanna í „Grasaferð“ Jónasar Hallgrímssonar. Í báðum kemur fram vanmáttur stúlkunnar gagnvart bókmenntahefðinni og um leið afneitun hennar á eigin skáldskap. Sjá grein Helgu Kress, „Sáúð þið hana systur mína?“ Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar og upphaf íslenskrar sagnagerðar,“ einkum bls. 334–341.

7 Skáldskaparfræði Ólafs Kárasonar um samruna tungumáls og tilfinninga minnir á kenningu Juliu Kristevu um skáldskaparmálið sem átök milli hins almenna tungumáls, þ.e. málkerfisins, og hins óræða flæðis líkamans og tilfinninganna. Sjá m.a. *Revolution in Poetic Language*, kaflann „The Semiotic and the Symbolic,“ bls. 19–106.

8 Nafnið „Maístjarnan“ fær ljóðið fyrst í *Kvæðakveri* 1949.

fram í ángurværum yndisþokka heyrir hann djúpt í barmi sínum kvæði sungið um hana“ (II, 133). Þannig birtist hún skáldinu ekki aðeins sem sýn og heyrn, heldur flæðir hún um líkama hans sem allt í senn ljóð, lag og dans: „Ó hve létt er þitt skóhljóð / og hve leingi ég beið þín.“ (II, 133)⁹ Í ljóðinu talar Ólafur við Jórinni eins og hún sé viðstödd og særir hana þannig til sín: „og nú loks ertu komin, / þú ert komin til mín.“ Lokalínurnar sækir hann í samtal þeirra um framtíðarlandið og fánann sem hún rétti honum: „fyrir þér ber ég fána / þessa framtíðarlands.“ Þannig lifir draumsýn hennar – og rödd – áfram í ljóði karlskáldsins.

Skáldkona eins og þú

Í *Heimsljósi* kemur fyrir önnur skáldkona, Hólmfríður á loftinu. „Þú ert mesta skáldkona Íslands,“ segir Pétur þríhross um leið og hann „hótaði með faryrðum og klámi að reka hana burt og láta hana aldrei yrkja sín kvæði framar úrþví hún vildi ekki sofa hjá honum.“¹⁰ Sjálfur hefði hann að eigin sögn orðið skáld ef hann hefði ekki orðið framkvæmdastjóri, en verður nú að láta sér nægja að yrkja bara „smákvæði“, það er að segja „gefa efnið í þau“ því að skáldkonuna hefur hann „til að berja þau saman“ (I, 201) fyrir sig. Þannig eignar hann sér skáldskap hennar. En Hólmfríður lætur ekki að stjórn fremur en Jórunn og er að lokum rekin úr samfélaginu fyrir að styðja ekki „menningarviðleitni staðarins“, „spilla úngum mönnum“ og „jafnvel stofna til samsæris gegn yfirboðara sínum og velgerðamanni“ (I, 338).

Hólmfríður er hið þögla skáld og hún brennir kvæðum sínum. „Kvæði eru best í öskunni,“ segir hún. „Þegar letrið er máð og bókin brunnin, þá fyrst kemur í ljós hvers virði kvæðið var.“ (I, 251) Hlutverk hennar er að hlúa að skáldinu unga, örva það og koma því á legg. Þannig heldur hún lífinu í Ólafi Kárasyni án þess að hann taki eftir því fyrr en hún er farin og hann á góðri leið með að verða sjálfur skáld Pét-

9 Um samband tónlistar og kvenleika í verkum Halldórs Laxness, sjá grein Helgu Kress „Veröldin er söngur. Hinn hreini tónn og kvenmynd eilífðarinnar í verkum Halldórs Laxness.“ Greinin birtist í *Skírni* 2002. [Endurpr. í þessu riti].

10 Halldór Laxness, *Höll sumarlandsins* (1938). Vitnað er til annarrar útgáfu í *Heimsljós* I (1955), bls. 212.

urs þríhross. Hún gefur honum mat og fót, þvær af honum, klippir hann og stoppar í sokkana hans: „Já hún hafði meira að segja gefið honum pappír og skriffæri til að yrkja á sín ódauðlegu ljóð fyrir eldinn og skrifa ævisögu sína.“ (I, 340)

Þannig verður hún „hin góða ljósmóðir sálarinnar, skáldgyðjan, sem reisti hann á fætur og studdi hann og skýldi honum“ (I, 287).

Flest ljóð Ólafs eru til kvenna, en til Hólmfríðar yrkir hann ekki, enda á hún í huga hans „heima á æðra sviði [...], skáld sem unir í hásölum fegurðarinnar um leið og hönd þess skrifar ósjálfráðri hreyfingu hina heimsklegu fábreyttu bókstafi úr stafrófi mannlegs máls“ (I, 340). Í sögunni er heldur ekkert kvæði eignað Hólmfríði enda vill hún ekki leyfa neinum að heyra kvæði sín. Hins vegar er eitt kvæði sem gefið er upp í sögunni beinlínis ort að hvatningu hennar, og er það jafnframt það fyrsta sem Ólafur yrkir eftir að höll sumarlandsins er brunnin með öllum kvæðum hans og eftir til vill eina vini. „Í nótt þegar ég er farin yrkirðu ódauðlegt kvæði um þinn eina vin sem brann“ (I, 327), segir skáldkonan írónískt í þeirra síðasta samtali. Erfiljóðið eftir „Eilífðardauða“, málstola fylliraft sem gat ekki sagt nema „þrjú fjögur orð“ (I, 327), skreppur undan öllu málkerfi, leysist upp í eftirhermu og flæði og endar á orðaðri þögn:

Á morgun ó og aska, hí og hæ
og ha og uss og pú og kanski og seisei
og korríró og amen, bí og bæ
og bösl í hnasli, sýsl í rusli og þeyþey. (I, 328)

Öðruvísi er ekki hægt að yrkja um karlmann! Um leið og kvæðið er paródía, ort að frumkvæði konu, boðar það upprisu skáldsins úr öskunni ásamt áframhaldandi lífi vinarins sem hafði þá alls ekki brunnið. Þannig er einnig stoðunum kippt undan efni þess og merkingu. Þegar Ólafur yrkir kvæðið er Hólmfríður farin og fær aldrei neitt um það að vita.

Í einu af síðustu samtölum þeirra Ólafs og Hólmfríðar segist hann hafa langað til að lesa henni kvæðin sín í allt sumar, en þó meir til annars, og það sé að heyra kvæðin hennar. „Ég er búin að brenna þeim, sagði

hún.“ (I, 304) Það eina sem Ólafur hefur fengið að vita er að hún yrkir um dauðann þar sem hann sjálfur yrkir um ástina:

Mér þætti gaman að heyra hvernig þú yrkir um ástina, sagði hann.
Ég yrki um dauðann, sagði hún.
Dauðann? Ég skil ekki hvernig hann kemur því máli við.
Jæa, sagði hún. (I, 209)

Þótt Hólmfríður sé skáldgyðja Ólafs hrósar hún honum aldrei. Það gerir hins vegar ástkona hans Vegmey sem dáist að honum á svipaðan hátt og Jórunn: „Mikið ertu mikið skáld, sagði stúlkan.“ (I, 196) En Ólafur er ekki bara mikið skáld, hann er líka mikið kvennagull, og flestar konur sem koma nálægt honum, aðrar en Hólmfríður, verða ástfangnar af honum. Samt er Vegmey mjög afbrýðisöm út í samband þeirra Hólmfríðar, og um hana segir hún þessi athyglisverðu orð þar sem hún óvart kvengerir elskhuga sinn: „Hún er skáldkona einsog þú þó einginn hafi heyrt neitt eftir hana sem betur fer.“ (I, 223) Til áherslu er hún látin endurtaka þessi orð þegar Ólafur reynir að blíðka hana með kvæði og býður henni upp í til sín undir stóra sæng sem Hólmfríður hafði lánað honum: „Héld þú getir breitt það sem er afgangs sænginni þinni oná hana Hólmfríði á loftinu sem er skáldkona einsog þú.“ (I, 223) Skáldið er skáldkona.

In puris naturalibus

Skáldið er skáldkona og *Heimsljós* er saga þess skálds. „Ég var að leita að skáldi heimsins, Goethe afklæddum geheimráðinu, skáldi einsog það kemur fyrir af skepnunni, in puris naturalibus,“ segir Halldór um uppruna sögunnar í *Skáldatíma*.¹¹ Í verkum sínum fjallar hann mjög um skáldið, og það um skáld af báðum kynjum þar sem skáldkonan verður oft táknmynd upprunans, hins náttúrulega, þess sem karlskáldin sækjast eftir. Hún er skáldið „in puris naturalibus“.

Það er því athyglisvert að fyrsta skáldsaga Halldórs, *Barn náttúrunnar*, fjallar um skáldkonu, náttúrubarnið Huldu. Nafnið minnir á dulnefni

¹¹ Halldór Laxness, *Skáldatími*, bls. 234.

skáldkonunnar Unnar Benediktsdóttur Bjarklind sem gaf út sína fyrstu ljóðabók, *Kvæði*, árið 1909, um það leyti sem Halldór er að læra að lesa. Bókin vakti mikla athygli, ekki síst fyrir það að vera eftir konu, og er Hulda fyrsta skáldkonan íslensk sem nær eyrum bókmenntastofnunarinnar. Áður en bókin kom út var hún reyndar orðin fræg fyrir kvæði sem birtust í tímaritum, einkum þulur.

Þjóðskáldið Einar Benediktsson birti kvæðið „Til Huldu“ í tímariti árið 1904,¹² og er það endurprentað í ljóðabók hans *Hrannir* sem kom út árið 1913.¹³ Kvæðið byrjar á tveimur þankastrikum, þ.e. þögn:

– – Þú gleðst einsog hjartað sjálft þér segir,
og syngur með náttúrubarnsins rödd.

Hulda er „*fyrsti gróður vors nýjasta skóla*“,“ segir hann í lok kvæðisins og skáletrar línuna til áherslu. Þannig sér hann uppsprettu nýrrar skáldskaparstefnu í konunni, barninu og náttúrunni, sem allt kemur saman í ljóðum Huldu og brýtur gegn hefð þess „skóla“ sem fyrir er.

Svipaða náttúrugervingu skáldkonunnar má sjá í grein Þorsteins Erlingssonar sem hann kallaði „Huldupistil“ og birtist í *Þjóðviljanum* 15. júní 1905.¹⁴ Þorsteinn barngerir skáldkonuna eins og Einar hafði gert á undan honum. Um leið er hann mjög hugfanginn af henni, gott ef ekki ástfanginn. Hann kallar hana „litla söngvarann“, „litla skáld“ og „sterka barn sem brýtur alla fjötra“,“ talar um „systurlíf“ hennar við læki, blóm, steina og álfa, og hafi það einmitt verið „þessi smáu leyni, smáu felustaðir“ sem hafi „laðað“ sig að ljóðum hennar, þessir „smáheimar, sem hún átti sér hér og hvar, og þaut á milli eins og fiðrildi eða huldustúlka.

12 Einar Benediktsson, „Til Huldu,“ *Ingólfur* 3. apríl 1904, bls. 53. Kvæðið birti hann undir dulnefninu Ármann.

13 Einar Benediktsson, „Til Huldu,“ *Hrannir*, bls. 99-101.

14 Á árinu 1905 birtust þrjár „pistlar“ eftir Þorstein Erlingsson í *Þjóðviljanum*, „Mislingapistill“, 27. maí, „Huldupistill“, 15. júní, og sá síðasti og lengsti með því athyglisverða heiti „Væri jeg kvennmaður“ í hvorki meira né minna en átta tölublöðum frá 18. september til 21. desember 1905. Fjallar hann þar um nauðsyn þess að íslenskar konur gangi á íslenskum búningi, líka í útlöndum, og hefst pistillinn á þessari stefnumótandi yfirlýsingu þar sem titillinn er endurtekinn: „Væri jeg kvennmaður og Íslendingur, þá skyldi jeg ganga á íslenskum búningi.“ (1)

Og svo kallaði hún sig Huldu.“ (98)¹⁵ Þannig veltir hann mjög fyrir sér dulnefni skáldkonunnar sem gerir hana einstaklega spennandi, og hann spyr: „Hver var þessi Hulda í rauninni?“¹⁶

Sömu spurningar spyr fasteignasalinn Randver, hið samfélagslega mótvægi við náttúrubarnið, í skáldsögu Halldórs. Hann situr um nótt í hvammi niðri við á þegar til hans gengur ung stúlka sem hann hafði séð þar um daginn og haldið að væri „huldumær“.¹⁷ „Hver ert þú?“ segir hann og hugleiðir: „– Var þetta huldumær í raun og sannleika?“ (37) Spurningu hans svarar hún um leið og hún sest í fangið á honum: „Ég heiti Hulda, mælti hún. Þykir þér það ekki fallett nafn?“ Og hann segir: „Jú, mér þykir það fallett.“ (38) Eftir að hafa sagst vera „barn náttúrunnar“ (39) yfirgefur hún Randver og stefnir til fjalls. „Hann bjóst við að hún hyrfi þá og þegar á yfirnáttúrulegan hátt einsog huldumær“ (39). Það gerir hún líka og hann situr „hálfsturlaður“ eftir:

Hvaða kvenvera gat þetta eiginlega verið? Hann, asninn, að spyrja hana einskis frekar!

Hann hafði spurt: Hver ert þú? og ekki feingið annað svar en hún hétí Hulda. Hann hefði ekki verið betri eftir þó hún hefði sagst heita ráðgáta. (39–40)

Daginn eftir kemst Randver að því að huldumærin er dóttir bóndans á bænum þar sem hann gistir. „Náttúran ein hefur alið hana upp“ (43), segir faðir hennar í löngu samtali við Randver, og sé hún „vafalaust einkennilegasta barn á öllu Íslandi“ (42). Á sumrin sofi hún úti, svamli í ám og klifri fjöll, og oft megi „heyra óminn af gítarnum hennar einhverstaðar ofan úr fjallshlíðunum“ (44). Hún hafi yndi af skáldskap og listum: „Og svei mér ef ég held ekki að hún sé skáld!“ (44)

15 Þorsteinn Erlingsson, „Huldupistill“, bls. 98.

16 Um dálæti Þorsteins Erlingssonar á Huldu, sjá einnig þulu hans, „Í vísnaðbók Huldu,“ *Þjóðviljinn* 9. september 1905. Þulan var endurprentuð í þriðju útgáfu *Þyrna*, bls. 239–240, en bókin kom út í árslok 1918 þegar Halldór er að byrja á *Barni náttúrunnar*. Þá má einnig benda á langan ritdóm Þorsteins, „Kvæði Huldu“ í *Fjallkonunni* 29. júní 1910, þar sem hann ver Huldu fyrir öðrum ritdómurum, kallar hana „náttúrubarn“ (94), ræðir um „óminn úr strengjum“ (93) hennar og segist vel skilja „að ritdómendurnir í Kirkjublaðinu og Eimreiðinni eigi erfitt með að skilja huldustúlkur“ (94).

17 Halldór Laxness, *Barn náttúrunnar* (1919). Vitnað er til annarrar útgáfu (1964), bls. 20.

Hulda er ekki bara skáldkona, hún er líka söngkona, hljóðfæraleikari og tónskáld, sem seiðir Randver til sín við undirleik náttúrunnar:

Ómur frá hljóðfæri!

Það var einsog rafmagnsstraumur færi um hann. Hér skamt fyrir ofan var hún og lék streingleika sína – hljómurinn kom úr sömu átt og lækurinn. (86)

Eins og nafna hennar skáldkonan Hulda sækir náttúrubarnið Hulda kvæði sín og sögur í ævintýri og huldufólkssögur. Þessar sögur segir hún Randveri sem aftur á móti hefur „fátt til að segja henni“ (101). Hann undrast „ímyndunarafli hennar og óþrjótandi ævintýrauppsprettu“ (101) og hlustar „hugfánginn á“ (91). Eitt kvöldið fær hann að heyra kvæði í sautján erindum sem öll eru gefin upp í sögunni og Hulda syngur við eigin gítarundirleik. Þetta er sambland af vögguljóði og dansi í þjóðkvæðastíl þar sem Hulda svæfir Randver og lætur hann dreyma með sér og dansa um annan heim, álfaheim. En „óðar / er úti draumur sá“ (93), og í lokin vekur skáldkonan unnusta sinn með þessu erindi:

Það er sælt að sofna
og svífa í draumlönd inn.
Dáið er alt án drauma
og dapur heimurinn. (94)

Randver tekur sérstaklega eftir tveimur síðustu ljóðlínunum þar sem hann finnur „að í þeim lá öll hennar lífsspeki“ (94) og eru þær endurteknar í sögunni. Þetta síðasta erindi kvæðisins fór Halldór með fyrir föður sinn skömmu fyrir andlát hans þegar *Barn náttúrunnar* var enn í handriti og fékk fyrir það viðurkenningu hans. „Þetta er þekkilæg vísa, sagði hann. Ég vissi altaf að þú værir dálítið hagnæltur Dóri minn.“¹⁸

18 Halldór Laxness, *Sjömeistarasagan*, bls. 45. Í þessari sömu minningabók segir Halldór frá stofnun skáldaklúbbsins Vetrarbrautarinnar haustið 1918 og þeim eina fundi sem haldinn var í klúbbum. „Þar las undirritaður upp álfameyarkvæði sitt úr Barni náttúrunnar í fyrsta og síðasta sinn.“ (25) Ekki segist hann hafa hlotið þann frama sem vert væri í þessum klúbbi og vikur í beinu framhaldi af því að „einu skáldkonunni sem þar var að hafa, litlu frúnni sem við kölluðum, og skrifað hafði Litlu Frúna í Morgunblaðið“ (25–26). Hann nefnir hana ekki með nafni en segir að hún hafi verið „grenst skáldkvenna

Fasteignasalanum Randveri tekst að temja náttúrubarnið Huldu. Eftir að hafa barist á móti því um stund gengst hún inn á kvenhlutverkið, giftist Randveri og fer að búa. Eftir það fer engum sögum af skáldskap hennar.

Hvar er sú þriðja ferskeytla?

Í ræðu sem riti tengir Halldór Laxness uppruna skáldskapar við konur. Í *Sjömeistarasögunni* segir hann um um leið og hann lítur yfir íslenska bókmenntasögu:

Íslenskur skáldskapur er fullur af súrrealisma að fornu og nýu. Barnagælur áður fyrri virðast vera mikilsti súrrealismi. Ýmsar þulur okkar fornar eru metfé þessarar aðferðar og hefur bersýnilega þurft margar aldir til að yrkja sumar. [...] Af fyrri alda skáldskap á Íslandi [...], tam þulum vikivökum og öðrum danskvæðum, eru mörg verk þar sem skáldskapargáfu er beitt til að kalla fram óskynsamlega hugsun og orðafræðin kemur flatt uppá mann: vísvitandi antiregla. (101-102)

Þá segir hann að margt sem kallað sé „leirburður“ sé ort „undir súrrealistískri reglu“, og hafi margur „formreglínur í ætt við súrrealisma“ verið „tilkvæmur íslendingum að fornu og nýu, tam mart í Eddu“ (102). Hér tengir hann ekki bara þjóðkvæðin, barnagælurnar og þulurnar við súrrealisma, heldur einnig eddukvæðin sem hann hvað eftir

sem þá voru á Íslandi, titrandi sem espilauf en ögn dimmrödduð og stundum orðljót“ (26). Sagan „Litla frúin“ eftir Ólöfu Jónsdóttur birtist í *Morgunblaðinu* 10. mars 1918. Hún hefst svo: „Hún var yndisleg! Líkamlega lítil, andlega stór“ (5) og fjallar um unga eiginkonu sem deyr. Að henni látinni finnur eiginmaðurinn í skrifborði hennar „hálf-málaðar myndir, sem hún hafði byrjað á“ og „nokkrar skrifaðar pappírsarkir“ (5). Hann gengur með þær að ljósinu og les m.a. þetta: „Um daginn voru nokkrir gestir í boði, vinir mannsins míns. ‘Hvað er lífið’ sagði einn þeirra og svo bætti hann við: ‘Það er þungt spursmál, erfitt eða jafnvel ómögulegt að svara því.’ Eg þagði, – auðvitað. Maðurinn minn segir að konur hafi eigi vit á ‘lífsspeki’ og þeir voru allir svo reyndir og gáfaðir.“ (6) Engu er líkara en Halldór sé að kallast á við þennan kafla í sögu „litlu frúarinnar“ þegar hann leggur svo mikla áherslu á að Randver viðurkenni „lífsspekina“ sem hann einnig kallar svo í kvæði Huldu. Svipuð textatengsl sem sýna áhuga Halldórs á kvenrithöfundum má víðar sjá í verkum hans, sbr. t.a.m. grein Helgu Kress „Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar.“ Halldór Laxness og Torfhildur Hólm,“ í *Sögu* 2/2002. [Endurpr. í þessu riti]. Þá má benda á að upphaflegt nafn á *Ljósi heimsins* (1937), þ.e. fyrsta bindi skáldsögunnar um skáldið, var „Ysta haf“, en það er svo til samhljóða nafninu á ljóðabók Huldu, *Við ysta haf*, frá 1926. Sbr. „Minnisatriði fyrir ‘Ysta haf’.“ Halldór Laxness. Minniskompa frá 1936-37. Lbs 200 NE.

annað rekur til kvenna. Þetta kemur m.a. fram í heillaóskaskeyti sem hann sendi Málfríði Einarsdóttur í tilefni verðlauna úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins á gamlársdag 1981:

Frú Málfríður Einarsdóttir rithöfundur

Að þessu hlaut að koma
þakka trúfesti þína við orðið
sigur fyrir kvenstéttina
sigur fyrir eddukvæðin.

Halldór Laxness.¹⁹

Í *Íslandsklukkunni* er Snæfríður af skáldakyni í móðurætt, og það skáldakyn er af heiðinni rót, samfélaginu hættulegt. „Varaðu þig á tungu skáldakynsins móðurættar þinnar,“ segir lögmaðurinn faðir hennar.²⁰ Hina dýrmætu og týndu Skáldu með eddukvæðunum finnur Arnar Arnæus eftir langa leit í rúmbotni kerlingar, móður Jóns Hreggviðssonar.²¹ En það eru ekki aðeins eddukvæðin sem Halldór rekur til kvenna, heldur einnig ferskeytlan. Í *Sjömeistarasögunni* vitnar hann í tvær ferskeytlur eftir karla og spyr: „Hvar er sú þriðja ferskeytla sem hlýtur að vera móðir þessara tveggja?“ (20) Hér brýtur hann gegn þeirri hefð bókmenntastofnunarinnar sem talar um feðrun vísna.²²

Hugmyndin um móðurina sem upphaf skáldskapar gengur sem leiðarminni um verk Halldórs. Í „Vögguljóði á Hörpu“ syngur móðir við son sinn, hinn unga draumsnilling:

19 Sbr. handskrifað uppkast Halldórs að skeytinu í bleikri minniskompu með gormum. Lbs 200 NF. Hér sett upp eins og það kom í skeytinu sjálfu sem dagsett er 2. janúar 1982. Sbr. viðtal Þórunnar Sigurðardóttur við Málfríði Einarsdóttur, „Ég hallast helst að íslenskum hégiljum,“ *Þjóðviljinn* 9.–10. janúar 1982, bls. 16, þar sem birt er mynd af skeytinu. Er það samhljóða uppkastinu í minniskompunni að öðru leyti en því að símritari hefur ekki þekkt hvorugkynsorðið „trúfesti“ og skrifar „trúfestu“.

20 Halldór Kiljan Laxness, *Íslandsklukkan* (1943). Vitnað er til annarrar útgáfu í *Íslandsklukkan* (1957), bls. 72; sjá einnig *Hið ljósa man* (1944) í *Íslandsklukkan* (1957), bls. 199.

21 Sbr. Halldór Laxness, *Íslandsklukkan* (1943). Vitnað er til annarrar útgáfu (1957), bls. 27–31. Sjá einnig grein Helgu Kress, „Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar“, bls. 99–102 og 133–134 í *Sögu* 2/2002. [Endurpr. í þessu riti].

22 Sbr. t.a.m. Helgu Kress, „Bækur og ‘kellingabækur’. Þáttur í íslenskri bókmenntasögu,“ bls. 94–96.

Og ef þig dreymir ástin mín
Oslóborg og Róma,
vængjaðan hest sem hleypur og skín,
hleypur og skín með sóma,
eg skal gefa þér uppá grín
alt með sykri og rjóma.²³

Það er móðirin sem ræður skáldfáknum, hinum vængjaða Pegasus, og færir hann syninum að gjöf um leið, á sama hátt og hún gefur honum mat. Þannig skapar hún skáldinu ekki aðeins aðstæður til skáldskapar, heldur hvetur það einnig. Um leið er hún sjálf skáld sem í yfirfærðri merkingu yrkir eitt fegursta ljóð Halldórs Laxness.²⁴ Í *Sjálfstæðu fólki* yrkir móðirin til Nonna litla: „Frændi þegar fiðlan þegir, / fuglinn krýpur lágt að skjóli“, og sæmir hann óskum sínum hvar hann gengur.²⁵ Í söng móðurinnar búa „hjartfólgnustu og óskiljanlegustu draumar mannkynsins“ og þennan söng kennir hún syni sínum:

Móðir hans kendi honum að sýngja. Og eftir að hann var orðinn fulltíða maður og hafði hlustað á saung heimsins, þá fanst honum að ekkert væri æðra en mega hverfa aftur til hennar saungs. (193)

Þótt móðirin deyi og rödd hennar þagni lifir söngurinn áfram í minningu sonarins sem færir hann fram og syngur fyrir heiminn.

Undan oki meiningarinnar

Í formálanum að fyrstu útgáfu *Kvæðakvers* 1930 útskýrir Halldór kvæði sín og segir:

- 23 Kvæðið birtist fyrst á forsíðu *Heimskringlu* 18. apríl 1928 undir nafninu „Íslenzk vögguljóð á Hörpu 1928“ og síðan undir sama nafni í *Kvæðakveri* 1930, bls. 82–84. Í *Kvæðakveri* 1949 var nafninu breytt í „Íslenskt vögguljóð“, og er hér vitnað til kvæðisins eins og það er prentað þar, bls. 61–63.
- 24 Í bréfi til Jóns Leifs, dagsettu í San Francisco 16. apríl 1928, segist Halldór hafa verið „að semja solítið af smávísunum fyrir fátækar sveitakonur og þurrabúðarkonur að raula við húsverk“ og biður hann að semja við það lag. Sbr. Bréf til Jóns Leifs frá Halldóri Laxness, Lbs. án safnmarks. Þótt Halldór tali þannig um kvæðið í hálfkæringi finnst honum að það eigi að vera til við það lag. Ekki er til þess vitað að Jón Leifs hafi orðið við þeirri beiðni. Lagið gerði síðar Jón Þórarinnsson.
- 25 Halldór Kiljan Laxness, *Sjálfstætt fólk* (1934–35). Vitnað er til annarrar útgáfu (1952), bls. 192–93.

Þessi kvæði eru mönnum holl, þegar þeir eru í hrifinni stemningu, en kæra sig ekki um að hugsa, heldur njóta þess að láta orðin hoppa og hía út um borg og bí nokkurn veginn frjáls undan oki meiníngarinnar.²⁶

Þessi persónugerving orðanna sem hoppa og hía út um borg og bí, undan oki þess að þurfa að merkja eitthvað, minna mjög á ummæli Guðmundar Finnbogasonar um skáldskap kvenna í ritdómi um *Nokkur smákvæði* eftir Ólöfu frá Hlöðum í *Skírn* 1914. Hann segir:

Eg veit vel, að ýmsar þulur og man-langlokur eru ortar um konur, af karlmönnum, en var það ekki einmitt af því þeir fundu hve vel þuluhátturinn var fallinn til slíks, að hann var eins og tekinn úr sál kvenna: „á hverfanda hveli“, laus á kostunum, þegar það vill, síbreytilegur og dutlungafullur, engu lögmáli bundinn nema geðþóttans? Þulan kann allan gang; hún getur verið stórstíg, hlaupið og stokkið langar línur, og hina stundina tifað og trítlað eins og „nótentáta“.²⁷

Fyrsta kvæðið í *Kvæðakveri* 1930 er „Únglingurinn í skóginum“, en það hafði áður birst í *Eimreiðinni* 1925.²⁸ Þetta er súrrealískt kvæði lagt í orðastað ungrar stúlku.²⁹ „Mig dreymdi ég geingi í skóginn [...] og stóð í rjóðrinu við lækinn.“ Þá kemur til hennar „únglingurinn í skóginum með úngan teinúng í hendi sér [...], klæddur skykkju sem er ofín úr laufum“. Kvæðið er hvort tveggja í senn bókstaflegur draumur stúlkunnar og draumsýn hennar um „the green world lover“, eða elskhugann græna, sem bókmenntafræðingurinn Annis Pratt telur vera erkitýpu

26 Halldór Kiljan Laxness, *Kvæðakver* (1930), bls. 6.

27 Guðmundur Finnbogason, „Ólöf Sigurðardóttir: Nokkur smákvæði“, bls. 102.

28 Halldór Kiljan Laxness, „Únglingurinn í skóginum“, *Eimreiðin* 1/1925, bls. 70–72. Hér verður vitnað til kvæðisins eins og það birtist í *Kvæðakveri* (1930), bls. 9–14.

29 Það eru reyndar áhöld um hvernig beri að skilgreina kvæðið. Í formála fyrir því í *Eimreiðinni* 1925 kennir Halldór það við expressjónisma sem sé „fremur ætlað að valda hughrifum fyrir hreims sakir og hljómrænnar notkunar orða en hins, að gefa einhverja eina rétta efnislausn“ (70). Í eftirmála að *Kvæðakveri* 1949 kennir hann það hins vegar við súrrealisma (142) án þess að útskýra það frekar. Um nánari umræðu, sjá Óskar Halldórsson, „Kvæðakver“, Eysteinn Þorvaldsson, „Ljóðagerð sagnaskálds“ og Kristján Árnason „Eru eða voru til íslenskir súrrealistar?“ Skilgreining Kristjáns fellur vel að hugmyndum Halldórs um skáldskaparfræði kvenna, sbr. t.a.m. ósjálfráða skrift Hólmsfríðar á loftinu. „En meginaðferð súrrealista“, segir Kristján, „felst í hinum svonefnda *automatisme* þar sem flæði hugsana og orða er veitt framrás án inngrips vitsmunanna.“ (171)

í skáldskap kvenna.³⁰ Í draumnum kallar hann til hennar og nefnir hana ýmsum gælunöfnum, m.a. „nótentátu“ eins og Guðmundur Finnbogason þuluna:

Táta,
komdu táta,
komdu litla nótentáta
að kyssa pótentáta
úti í skógi!³¹

Hann er bæði Pan og Narkissus og hún horfir á hann spegla sig í lind og hverfast í talandi skóg sem tælir hana til sín.³² Hann er „skógurinn sjálfur“, „morgunskógurinn“, „miðdegisskógurinn“, „kvöldskógurinn“, „rökkriviðurinn“, „grænklæddur gaukmánuður“, „haustskógarsymfóninn“ og „himneskur losti“ (10), þ.e. hinn græni elskhugi, skógarguðinn, sem konur þrá. En í draumnum er óðar komið haust, blöðin falla, skógurinn fölnar, og með honum unglíngurinn, hinn verðandi karlmaður.

30 Annis Pratt, *Archetypal Patterns in Women's Fiction*, einkum bls. 3–12 og 16–24. Sbr. einnig Guðrún Bjartmarsdóttir og Ragnhildur Richter, *Hulda. Ljóð og laust mál*, bls. 77–87, þar sem þær fjalla um kenningar Annis Pratt og hvernig þær falla að ljóðum og sögum Huldu. Samkvæmt Pratt, segja þær, er ástmaðurinn persónugervíngur óska og vona kvennanna en af einhverjum ástæðum ótækur í samfélaginu. „Stundum er hann aðeins til í hugarheimi kvennanna en þó nátengdur náttúrunni og þar sameinast þær honum í draumum sínum. Hann getur jafnvel orðið svo óraunverulegur að hann verði eins konar náttúrugúð.“ (78)

31 Halldór Laxness, *Kvæðakver* (1930), bls. 10.

32 Skáldsagan *Pan* eftir Knut Hamsun kom út í íslenskri þýðingu Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi í árslok 1923 og hefur vafalaust, eins og aðrar bækur Hamsuns, haft mikil áhrif á Halldór Laxness. Í henni segir frá ungum manni sem leggst út eitt sumar og tælir til sín ungar stúlkur inn í skóg. Þá má í „Unglingnum í skóginum“ sjá augljósa vísun í godsögnina um Narkissus og Ekkó eins og hún er í „Ummyndunum“ eftir Ovidius, sbr. þýðingu Kristjáns Árnasonar í *Eimreiðinni* 4/1974, bls. 293–297. Eins og stúlkan í kvæði Halldórs tælir Narkissus ungar stúlkur til sín inn í skóg, m.a. Ekkó sem getur ekki „tekið til máls að fyrri bragði“ (293) heldur aðeins bergmálað orð annarra. Eins og unglíngurinn kallar Narkissus: „Hittu mig!“ og Ekkó svarar: „Hittu mig!“ (293) Ólíkt stúlkunni í kvæði Halldórs sem þumbast við kemur Ekkó hlaupandi til Narkissusar sem hafnar henni. Hún tærist upp af ástarsorg og loks „varð ekki annað eftir af henni en röðdin“ (293). „Upp frá því felst hún í skóginum og sést hvergi, en heyrir alls staðar, því það er rödd hennar, sem lifir.“ (293) Eins og unglíngurinn speglar Narkissus sig í skógarlind, verður ástfanginn af sjálfum sér og endar með því að tærist upp: „Þá hvarf roðinn af björtu hörundi hans, honum þvarr máttur og megin, og fegurð hans bliknaði, sá líkami, sem Ekkó hafði unnað svo mjög, varð ekki nema svipur hjá sjón.“ (297) Bæði godsögnin og kvæðið enda á gráti kvenna sem syrgja karlmanninn.

„Þá þótti mér ég fara að gráta og þá vaknaði ég.“ (14) Kvæðið flæðir fram eins og þula þar sem unglingurinn lýsir sjálfum sér í hástemmdum líkingum og kemur fram sem bæði talandi og syngjandi skáld.³³ Inn í þennan orðaflaum nær stúlkan aðeins að skjóta inn þremur stuttum tilsvörum á hversdagslegu talmáli, en talandi köllum unglingsins svarar hún fyrst með „Svei attan!“ (10) og síðan „Eg vil ekki sjá þig!“ (11), þar sem hún færist undan ágengni hans. Orðum hennar svarar hann með því að ussa á hana og þykjast vita betur: „Uss, ég þekki þig, / hvað þú ert lítil, / lítil og skrítin!“ (12) Sjálfur segist hann vera „Safir / frá Sahara í Aharabíu“ og vita „altaltaltaltalt. / Alt“ (12). Þessu mótmælir hún með sínu þriðja og síðasta tilsvari: „Þú veist ekki neitt, ert ekki neitt!“ (12)³⁴ Það er þá sem hann skoðar sig í lindinni, „hvað speglaðist í kvikum gár-unum“ (13) og umbreytist í fölnandi og fallandi skóg. Hún grætur og vaknar. Hann er ekki sá græni elskhugi sem hana dreymdi um.

Kvæðið er bergmál stúlkunnar af orðum unglingsins sem hermir eftir honum það sem hann segir. Það er því á vissan hátt skopstæling eða „hermiljóð“ eins og Halldór Laxness kallar fyrirbrigðið í formálanum að *Kvæðakveri* 1930.³⁵ Með því að beita þannig fyrir sig kvenröddinni gerir hann grín að hinu óðamála og sjálfspelandi karlskaldi og kemur upp um það.

33 Eftir því sem Halldór segir í eftirmála *Kvæðakvers* 1949 var kvæðið vetrarstarf hans í Reykjavík 1924–1925 og orti hann það upp æ ofan í æ mánuðum saman (141). Af bréfi til Jóns Helgasonar frá 5. nóvember 1924 má sjá að Halldór er um þetta leyti mjög upptekinn af þuluforminu sem honum þykir ókarlmannlegt og kennir við kerlingar. Hann hefur fengið senda þulu frá vini sínum Einari Ólafi Sveinssyni sem honum þykir reyndar með því besta sem Einar hefur ort en bætir við: „annars eiga menn ekki að irkja þulur þótt Nordal sé að herma það eftir einhverjum kellingum. (NB. hér veður allt upp í kellingum, það er svo mikil kellingaöld á Reikjavík, að líkja má við rottuplágu, og vantar einhvern pied piper til að singja þetta burt.)“ Bréf til Jóns Helgasonar frá Halldóri Laxness. Lbs 23 NF. Sá „pied piper“ sem Halldór auglýsir eftir í bréfinu til Jóns kann að vera hann sjálfur sem með vetrarstarfi sínu hristir upp í þulunni með nýttiskustefnum og lætur karlkyns unglingsinn syngja burt.

34 Í annarri útgáfu *Kvæðakvers* (1949) stendur „Þú veist ekki eitt“, og er það augljós prentvilla þar sem breytingin fellur hvorki að talmáli stúlkunnar né stigmögnun endurtekningarinnar í setningunni.

35 Þar segir hann að mörg ljóðanna séu „með hermiljóðabrag“ og séu sum „beinar hermur, ýmist á eigin kvæðum eða annarra, sum óbeinar“. Þá megi nokkur þeirra kallast „skopstælingar á skáldlegu sálarástandi eða hugsunarhætti yfirleitt“ (7).

Þöggun kvenraddarinnar

Um kvæðið „Unglingurinn í skóginum“ segir Peter Hallberg að það minni á barnaþulur og vitnar um það í erindið þar sem unglingurinn reynir að þagga niður í stúlkunni: „Uss, ég þekki þig, / hvað þú ert lítil, / lítil og skrítn!“³⁶ Kvæðið skilgreinir hann síðan sem draum skáldsins. „Það kemur sem sagt í ljós,“ segir hann, „að allt þetta er draumur skáldsins.“ (144) Með þessu eyðir hann konunni sem ljóðmælanda úr kvæðinu.

Það gerir reyndar Halldór sjálfur þegar hann fellir erindi úr kvæðinu inn í *Vefarinn mikla frá Kasmír*. Stúlkan sem mælir fram kvæðið er horfin sem og umhverfi náttúrunnar, skógurinn, lindin og rjóðrið. Í sögunni er kvæðið eftir Stein Elliða og kemur fyrir í bréfi sem Diljá skrifar honum en sendir ekki. Í bréfinu rifjar hún upp samskipti þeirra Steins Elliða þar sem hún segir honum það sem hann veit og hefur áður sagt henni: „Þú fluttir með þér ferskan andblæ utan úr heimi, hafðir solgið síðustu verk tiskumeistaranna og nú var einginn skáldskapur neins virði nema dadastefnan og expresjónisminn, sem þú nefndir kjarnsæisstefnuna.“³⁷ Þar með minnir hún á Ekkó í goðsögninni um Narkissus sem bergmálar annarra orð, í báðum tilfellum karlsins. Í endursögn hennar á kvæði Steins Elliða, sem er nafnlaust í sögunni, byrjar það á orðunum: „Uss, ég þekki þig, / hvað þú ert lítil, / lítil og skrítn!“ Tilsvarið með mótmælum stúlkunnar: „Þú veist ekki neitt, ert ekki neitt,“ er horfið. Í staðinn segist Diljá hafa hlýtt á Stein Elliða „einsog fábjárni“ (59), „lítil telpa, fákæn og frumstæð“ (60).

36 Peter Hallberg, *Vefarinn mikli* II, bls. 143. Sbr. einnig sænsku frumútgáfuna, *Den store vävaren*, bls. 287. Í sænsku útgáfunni vitnar Hallberg í nokkur erindi kvæðisins, bæði á íslensku og í sænskri þýðingu sinni, þar á meðal mótbárur og stríðni stúlkunnar: „Þú veist ekki neitt, ert ekki neitt“ (287). Þessari setningu er hins vegar sleppt í íslensku þýðingunni þar sem hún hefði átt að vera á bls. 143. Einnig sleppir þýðandinn orðum stúlkunnar í lokasetningu ljóðsins sem Hallberg vitnar til á bls. 288 í sænsku útgáfunni: „Þá þótti mér ég fara að gráta, og þá vaknaði ég,“ en hún hefði átt að vera á bls. 144 í þýðingunni. Ekki gefur þýðandi nokkra skýringu á þessum úrfellingum, og er engu líkara en hann sé með þeim að taka undir tilraun unglingsins til að þagga niður í kvenröddinni. Henni er allavega ekki ætlað að berast íslenskum lesendum bókarinnar.

37 Halldór Laxness, *Vefarinn mikli frá Kasmír* (1927). Vitnað er til þriðju útgáfu (1957), bls. 59.

Diljá er skáldkona eins og þær Hulda og Jórunn. Eitt sinn þegar Steinn Elliði var erlendis hafði hún samið smásögur í ævintýrastíl fyrir börn sem hún var að passa uppi í sveit:

Það var á ágætum bæ og börnin yndisleg; þau voru fjögur, öll innanvið tíu ára aldur. Og hverju heldurðu að ég hafi tekið uppá í sveitasælunni? Ég fór að skrifa smásögur fyrir börnin. Þær voru ákaflega einfaldar og kjánalegar, en ég var hrifin af þeim sjálf og hlakkaði til að sýna þér þær um haustið. Ég skrifaði þær upp aftur og aftur og ætlaði að gera þær sem fallegastar, og að síðustu skrifaði ég sex þeirra í litla bók. (58)

Útliti bókarinnar lýsir hún eins og konu í sparikjól um leið og hún mælir hana við sjálfa sig: „hún var ekki stærri en helmíngurinn af lófa mínum, með bleik blöð gylt á jöðrum, bundin í blátt flauil“ (58). Þessa bók segist hún hafa ætlað að gefa Steini Elliða þegar hann kæmi. „Mann lángrar svo að líkjast þeim sem maður trúir á.“ (58) En þegar hún hefur hlustað á kvæði hans felur hún „bláu silkibókina“ sína „þar sem einginn vissi“ og eins og stúlkan í kvæðinu fer hún að gráta. Ævintýrin földu birtast samt í sögunni, ýmist höfundarlaus eða undir nöfnum barnanna sem þau voru samin fyrir.³⁸

Diljá er skáld frá náttúrunnar hendi, hefur beint samband við upprunann, þjóðkvæðin, ævintýrin og börnin. Steinn Elliði sækir hins vegar skáldskapinn til móður sinnar. En um hann segir Örnólfur, fulltrúi hins borgaralega samfélags, við konu sína Diljá: „Móðir hans er skækja, og þangað sækir hann þessar skáldskapargrillur.“ (159)³⁹ Þetta samband

38 Í riti sínu um Halldór Laxness vikur Peter Hallberg að smásögum Diljár og kallar „gamlar stúlæfingar“, sbr. *Vefarinn mikli* II, bls. 28. Á öðru máli er Jón Helgason sem í bréfi til Halldórs, dagsettu í Kaupmannahöfn 9. desember 1929, þakkar honum fyrir *Vefarann* og segir, reyndar án þess að nefna Diljá og með ýmsum fyrirvörum (aðdáandinn er barn og sjálfur man hann ekki hvað sögurnar heita): „Þá er aðeins að geta þess enn, að eg hef fengið frá þér Vefarann, og Alþýðubókina hef eg flýtt mér að kaupa. Svo mjög sem eg met sumt í Vefaranum, þá áttu samt engan þvílíkan aðdáanda hér á bæ sem son minn fjögura ára gamlan. Hann er ólmur í að heyrja sögurnar um kónginn Hexameter og litla bróður, sem drakk fíflamjól og hundinn Snata og hvað þær nú heita. Ef þú sendir nokkra tugi af þessháttar sögum held eg að þú gerðir landslýðnum meiri greiða en þó að þú gæfir Íslendingum 100 000 tannbursta.“ Bréf til Jóns Helgasonar frá Halldóri Laxness. Lbs 23 NE

39 Sjálf er móðirin og skækjan Jófríður á vissan hátt skáldkona sem í löngu bréfi til Diljár skrifar ævisögulegar játningar sínar, en þær eru ásamt bréfi Diljár til Steins, uppistaðan í

skáldkonu og skækju er einkar athyglisvert. Ef til vill má líta á skækjuna sem ýrasta form kvenleikans og misnotkunar hans og þar með andstæðu bæði skáldkonu og móður.⁴⁰ Í leikritinu *Silfurtúnglið* hverfist móðirin, skáldkonan, söngkonan og tónskáldið Lóa í skækju þegar hún rýfur samlífið við soninn, yfirgefur vöggu hans og fer að syngja á sviði. Án raddar móðurinnar getur sonurinn ekki lifað og hann deyr. Þótt skáldkonan skrumskælist lifir skáldskapur hennar áfram sem eitt fallegasta ljóð Halldórs Laxness: „Hvert örstutt spor var auðnuspor með þér“,⁴¹ og það sem síðast fylgdi honum inn í eilífðina.

Eins og flest ljóð sem lögð eru í orðastað kvenna í sögum Halldórs er ljóð móðurinnar söngur, jafnframt því sem barnið er ævinlega sonur. Með söngnum leggur Halldór áherslu á hina semíótísku hlið skáldskaparins, hrynjandina, tónlistina og flæðið í orðunum andstætt fastmótuðum lögmálum og heftandi bragreglum karlahefðarinnar. „Hvar hefurðu lært allar þessar kenningar“ (209), spyr Hólmfríður hið verðandi karlskáld Ólaf Kárason, og þykir lítið til koma. Hann segist hafa lært þær af gömlu skáldi. Í návist hennar gleymir hann þessu skáldi „á þennan merkilega, sársaukalaus hátt sem við gleymum þeim sem við höfum elskað mest“ (219), vitund hans hverfist í ljóð og hann fer að skrifa „alt hvað af tók“ (220).

Þannig lifir kvenröddin sem „vísvitandi antíregla“, uppspretta og undirtexti í ljóðum Halldórs Laxness, og væru þau ekki til án hennar.

annarri bók *Vefarans*. En svona eiga skáldkonur hvorki að lifa né skrifa, og Diljá les bréf hennar „með viðbjóði“. Hún „kastaði frá sér bleikum, gleiðskrifuðum blöðunum; nei hún vildi ekki lesa meira, hafði þó hlaupið yfir heila kafla og átti enn meir en helmíng ólesinn. Henni fanst hún vera slubbug um hendurnar einsog brotnað hefðu ofaná hana hrá egg.“ (83)

40 Í *Heimsljósi (Höll sumarlandsins)* kallar eiginmaður Hólmfríðar hana tvisvar sinnum hóru og það skömmu eftir að hún hefur mæðrað skáldið Ólaf (I, 304): „hún kiptist við eins og undan stúngu: hann hafði sagt hóra“ og það er ekki „fyren maðurinn hafði endurtekið þetta eina orð, að hún [...] greiddi honum löðrúng“ (I, 305). Einnig kallar Pétur þríhross skáldkonuna „ho– hóru“ (I, 342) eftir að hún hefur neitað að yrkja kvæði hans og hann rekið hana burt. Þegar hann, eins og eiginmaðurinn, ætlar að endurtaka það „ho– hó–“ (I, 343) grípur Ólafur, aldrei þessu vant, fram í fyrir honum: „Þetta er ekki satt Pétur, vandaðri manneskju í orði og verki en hana Hólmfríði á loftinu hef ég aldrei þekt.“ (I, 343) Þannig stöðvar skáldið óhróðurinn um skáldkonuna í miðju orði.

41 Halldór Laxness, *Silfurtúnglið* (1954), bls. 13.

*Heimildir**Óprentaðar heimildir*

- Lbs 23 NF Bréfasafn Jóns Helgasonar.
 Lbs 200 NF Bréfa- og handritasafn Halldórs Laxness.
 Lbs án safnmarks. Bréfasafn Jóns Leifs.

Prentaðar heimildir

- Adorno, Theodor. „Rede über Lyrik und Gesellschaft.“ *Noten zur Literatur I*, Frankfurt am Main: Suhrkamp Verlag, 1969.
- Einar Benediktsson. „Til Huldu.“ *Ingólfur* 3. apríl 1904.
- Einar Benediktsson. *Hrannir*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1913.
- „Ég hallast helst að íslenskum hégiljum.“ Viðtal Þórunnar Sigurðardóttur við Málfríði Einarsdóttur. *Djóðviljinn* 9.–10. janúar 1982.
- Eysteinn Þorvaldsson. „Ljóðagerð sagnaskálds. Um ljóð Halldórs Laxness.“ *Ljóðabing*. Um íslenska ljóðagerð á 20. öld. Baldur Hafstað og Þórður Helgason önnuðust útgáfuna. Reykjavík: Ormstunga, 2002.
- Guðmundur Finnbogason. „Ólöf Sigurðardóttir: Nokkur smákvæði.“ *Skírnir* 1914. [Ritdómur].
- Guðrún Bjartmarsdóttir og Ragnhildur Richter. „Inngangur.“ *Hulda. Ljóð og laust mál*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1990.
- Hallberg, Peter. *Den store vävaren. En studie i Laxness' ungdomsdiktning*. Stockholm: Rabén & Sjögren, 1954.
- Hallberg, Peter. *Véfarinn mikli. Um æskuskáldskap Halldórs Kiljan Laxness*. II. Þýð. Björn Th. Björnsson. Reykjavík: Helgafell, 1960.
- Halldór Laxness. *Barn náttúrunnar* (1919). Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1964.
- Halldór Laxness. *Fegurð himinsins* (1940). Önnur útgáfa í *Heimljós* II. Reykjavík: Helgafell, 1955.
- Halldór Laxness. *Hið ljósa man* (1944). Önnur útgáfa. *Íslandsklukkan*. Reykjavík: Helgafell, 1957.
- Halldór Laxness. *Hús skáldsins* (1939). Önnur útgáfa í *Heimsljós* II. Reykjavík: Helgafell, 1955.
- Halldór Laxness. *Höll sumarlandsins* (1938). Önnur útgáfa í *Heimsljós* I. Reykjavík: Helgafell, 1955.
- Halldór Laxness. *Íslandsklukkan* (1943). Önnur útgáfa. *Íslandsklukkan*. Reykjavík: Helgafell, 1957.
- Halldór Laxness. „Íslensk vögguljóð á Hörpu 1928.“ *Heimskringla* 18. apríl 1928.
- Halldór Laxness. *Kvæðakver*. Reykjavík: Acta, 1930. Önnur útgáfa aukin. Reykjavík: Helgafell, 1949.
- Halldór Laxness. „Maríukvæði.“ *Morgunblaðið* 16. desember 1995. Blað B.
- Halldór Laxness. *Silfurtúnglið*. Reykjavík: Helgafell, 1954.
- Halldór Laxness. *Sjálfstætt fólk* (1934–35). Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1952.

- Halldór Laxness. *Sjömeistarasagan*. Reykjavík: Helgafell, 1978.
- Halldór Laxness. *Skáldatími*. Reykjavík: Helgafell, 1963
- Halldór Laxness. „Unglingurinn í skóginum.“ *Eimreiðin* 1/1925.
- Halldór Laxness. *Vefarinn mikli frá Kasmír* (1927). Þriðja útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1957.
- Hamsun, Knut. *Pan*. Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi þýddi. Reykjavík: Stúdentaráð Háskóla Íslands, 1923.
- „Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar? Halldór Laxness og Torfhildur Hólm.“ *Saga* 2/2002. [Endurpr. í þessu riti].
- Helga Kress. „Bækur og ‘kellingabækur’. Þáttur í íslenski bókmenntasögu.“ *Speglanir. Konur í íslenski bókmenntahefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 2000. [Greinin birtist fyrst í *Tímariti Máls og menningar* 4/1978].
- Helga Kress. „Mannsbarn á myrkri heiði. Um samband listar og þjóðfélags í kvæði eftir Snorra Hjartarson.“ *Tímarit Máls og menningar* 2/1981.
- Helga Kress. „Sáuð þið hana systur mína? Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar og upphaf íslenskrar sagnagerðar.“ *Speglanir. Konur í íslenski bókmenntahefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 2000. [Greinin birtist fyrst í *Skírn*, hausthefti 1989].
- Helga Kress. „Veröldin er söngur. Hinn hreini tónn og kvenmynd eilífðarinnar í verkum Halldórs Laxness.“ *Skírnir*, vor 2002.
- Hulda. *Við ysta haf*. Akureyri: Bókaverslun Þorsteins M. Jónssonar, 1926.
- Kristeva, Julia. *Revolution in Poetic Language*. Þýð. Margaret Waller. New York: University of Columbia Press, 1984.
- Kristján Árnason. „Eru eða voru til íslenskir súrrealistar?“ *Hið fagra er satt*. Þorsteinn Þorsteinsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2004.
- Ovidius. „Ummyndanir I.“ Þýð. Kristján Árnason. *Eimreiðin* 4/1974.
- Ólöf Jónsdóttir. „Litla frúin.“ *Morgunblaðið* 10. mars 1918.
- Óskar Halldórsson. „Kvæðakver.“ *Sjö erindi um Halldór Laxness*. Ritstj. Sveinn Skorri Höskuldsson. Reykjavík: Helgafell, 1973.
- Pratt, Annis. *Archetypal Patterns in Women's Fiction*. Bloomington: Indiana University Press, 1981.
- Ragnhildur Richter. Sjá Guðrún Bjartmarsdóttir.
- Þorsteinn Erlingsson. „Huldapistill.“ *Djóðviljinn* 15. júní 1905.
- Þorsteinn Erlingsson. „Í vísnaþók Huldu.“ *Djóðviljinn* 9. september 1905.
- Þorsteinn Erlingsson. „Kvæði Huldu.“ *Fjallkonan* 29. júní 1910.
- Þorsteinn Erlingsson. „Mislingapistill.“ *Djóðviljinn* 27. maí 1905.
- Þorsteinn Erlingsson. „Væri jeg kvennmaður.“ *Djóðviljinn* 18. og 25. sept., 17. og 23. okt., 15. nóv., 6., 14. og 21. des. 1905.
- Þorsteinn Erlingsson. *Þyrnar*. Þriðja útgáfa aukin. Reykjavík: Bókaverslun Ársæls Árnasonar, 1918.

Summary

Intentional Anti-Metrics

The Female Voice in Halldór Laxness's Poems

Many of Halldór Laxness's best poems are composed about women, dedicated to women, or expressed in their words. *Kvæðakver* (1949, A Booklet of Poems) is a collection of sixty-five of his poems, many of them from his prose works. Of these, seven are written in a woman's voice, fourteen are about a particular woman, and seventeen are written as a man addressing a woman. In most of the remaining twenty-seven poems women appear in imagery or single stanzas.

Laxness's work contains many discussions of the poet, and it is a poet of both sexes. The woman poet is often a symbol of the source, the natural that the male poet seeks. In this sense the woman poet is the poet "in puris naturalibus", which, in his memoir *Skáldatími* (1963, A Time of Poets), he says he has been seeking.

A common trait of women poets in his work is that they either hide or destroy their manuscripts without showing them to anyone. Thus Diljá, the principal female character in *Vefarinn mikli frá Kasmír* (1927, The Great Weaver from Kashmir), hides the stories she has written for children; and in *Hús skáldsins* (1939, The House of the Poet), volume four of *Heimsljós* (World Light), Jóa burns her long novel *Hamingjudraumurinn* (The Dream of Happiness) in her admiration for the poet Ólafur Kárasón, the main character in the book. From these ashes symbolically arises one of Laxness's most famous poems, "Maístjarnan" (The May Star), composed in the words of Ólafur Kárasón.

In his work Laxness repeatedly links the source of poetry to women. In his autobiographical work *Sjömeistarasagan* (1978, The Chronicle of Seven Masters) he traces Icelandic poetry to Eddic poetry and the oral tradition of women, who in their chants, folk poems, and lullabies composed with what he calls "intentional anti-metrics", a free, creative form of poetry akin to surrealism. The leitmotif of the mother as the source of poetry pervades Laxness's work. As many of the poems composed in a female voice are those of the mother, and are often in the form of song, the child, the emerging poet, is always a son. With the song, Laxness emphasizes the semiotic aspect of poetry, rhythm, music, and fluidity in opposition to the fixed, restrictive metric conventions of the male tradition. Although the mother dies and the woman poet falls silent, the female voice lives on as "intentional anti-metrics", the source and subtext in Laxness's poems as well as their impetus.